

**Nd.**

**290. Nefndarátt**

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 67, 14. nóv. 1917, um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Eins og tekið er fram í álitni meiri hluta nefndarinnar á þskj. 250, hefir nefndin ekki getað orðið sammála um frv., og er það einkum ákvæðið um að

leggja Tungu undir lögsagnarumdæmi Ísafjarðarkaupstaðar. Minni hlutinn lítur svo á í þessu efni, að ekki sje rjett að rýra Eyrarhrepp, með sjerstöku tililiti til þess, að Hnífsdalur er nú orðinn svo stór, að hann á lagakröfu á að verða sjerstakur hreppur þegar hann vill. Þá þykir minni hlutanum rjettara, að bæjarbúar kjósi bæjarstjóra en að bæjarstjórnin geri það. Hinsvegar þykir rjett, að einfaldur meiri hluti bæjarbúa ráði, hvort bæjarstjóri skuli kosinn eða ekki.

Minni hlutinn leggur því til, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. 1. gr. frv. falli burtu.
2. 2. málsgr. 2. gr., er verður 1. gr., orðist svo :  
Samþykki meiri hluti kjósenda með leynilegri atkvæðagreiðslu, skal í stað bæjarfógeta kosinn bæjarstjóri til 6 ára i senn, á sama hátt og bæjarfulltrúar. Hann skal launaður af bæjarsjóði.
3. 3. gr. verður 2. gr.

Alþingi, 23. febr. 1928.

Magnús Guðmundsson,  
frsm.

Hákon J. Kristótersson.